

2. Með orðinu „Iceland“ eða öðru, sem gefi greinilega til kynna, að hér sé um íslenska framleiðslu að ræða. Þegar umbúðir eru tvöfaldar, skal merkja bæði blikk og tré. **32**
6. apríl
3. Á eikarfötum skal vera tilgreind þyngd umbúða.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 50—5000 krónum.
Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkvæmt lögum nr. 42, 19. júní 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild (matjessild).

33

8. apríl

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Sildarútvegsnefnd hefir með höndum sölu til útlanda og útflutning allrar léttverkaðrar saltsildar (matjessildar), svo og sölu á þeim tegundum sildar, sem að dómi nefndarinnar má ætla að notaðar verði til samkeppni á matjessildarmörkuðum.

Nefndin ræður framkvæmdastjóra og aðstoðarfólk samsölunnar.

2. gr.

Starfsemi nefndarinnar samkv. 1. gr. skal rekin undir nafninu „Samsala íslenzkrar matjessildar“, skammstafað S. I. M., og hefir heimili og varnarþing á Siglufirði.

3. gr.

Nefndin skal starfa með það fyrir augum að tryggja hagsmuni bæði framleiðenda heima fyrir og kaupenda í markaðslöndunum með því að halda útfluttri léttverkaðri sild í eðlilegu verði, miðað við framleiðslukostnað og kaupgetu í neyzlulöndunum, sem og að koma í veg fyrir óeðlilegar verðsveiflur á nefndri

33 vöru, svo að innflytjendur í viðskiptalöndunum geti keypt vöruna ákveðnu verði, 8. apríl án þess að eiga á hættu óeðlileg undirboð.

4. gr.

Sildarútvegsnefnd skal selja sildina í nafni samsölunnar og undir sérstöku merki hennar, en auk þess skal þess gætt, að hver tunna sé einnig merkt sérstöku merki, er sýni hver hefir verkað sildina og afhent hana til sölu.

Hver sildareigandi ber fulla ábyrgð gagnvart samsölunni á síld þeirri, er hann afhendir til sölu, og verði samsalan skaðabótaskyld til kaupenda vegna vörugalla eða annara galla sem framleiðanda eða sildareiganda eru að kenna, hefir hún endurgjaldsrétt hjá hlutaðeigandi sildareiganda.

Skylt skal samsölunni, þar sem því verður við komið, að semja svo við kaupendur sildarinnar, að þeir viðurkenni gæði hennar áður en útskipun fer fram og sé sildin, að því leyti þá jafnframt úr ábyrgð samsölunnar.

Sildarútvegsnefnd skal gera sitt ýtrasta til að selja alla sildina ákveðnu verði og má hún ekki senda síld í umboðssölu, nema öll nefndin sé því samþykkt.

5. gr.

Sildarútvegsnefnd skal skylt eftir því sem við verður komið að haga útskipun matjessildarinnar þannig að sem mestur jöfnuður verði á útflutningi, meðal þeirra, sem útflutningshæfa síld eiga í hvert skipti, sem útflutningur fer fram. Skylt er matjessildareigendum að láta síld sína af hendi til útflutnings hvenær sem nefndin telur það nauðsynlegt og hefir hún rétt og skyldu til að láta skoða sildina áður en út er flutt. Reynist sildin þá gölluð getur nefndin neitað að taka hana til sölumeðferðar eða útflutnings.

6. gr.

Sildarútvegsnefnd úthlutar veiðileyfum til matjessildarverkunar og saltendum söltunarleyfum til matjessildarsöltunar og getur hún sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til að tryggja góða verkun og geymslu sildarinnar, m. a. þau, að sildin verði geymd í húsi. Nú hefir slíkum leyfum verið úthlutað, en veiðinni eða söltuninni er eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, eftir að söltunartími byrjar, þannig að ætla megi að leyfin verði eigi uppfyllt, eða að leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

7. gr.

Greiðslu fyrir sildina skal haga þannig, að allir sildareigendur fái jafnt verð miðað við gæði sildarinnar og er útflutningsnefnd heimilt, ef ástæða er til, að ákveða jafnaðarverð sildar sömu gæða yfir allan sildartímamann, eða fyrir þá síld, sem tilbúin er til útflutnings á tilteknum tímabilum.

Greiðsla fari fram til útskipenda eftir hverja útskipun og ákveður Sildarútvegsnefnd hve mikill hluti söluverðs skuli greiddur í hvert skipti.

8. gr.

33

8. apríl

Til þess að standast kostnað af rekstri samsöluunnar er sildarútvegsnefnd heimilt að halda eftir 3% af söluverði seldrar matjes-sildar. Ef nauðsyn krefur er nefndinni heimilt að verja einhverjum hluta þess fjár, er þannig aflast til þess að greiða bætur útaf sildarsölu, ef henni er þannig varið, að einstökum sildareigendum verði eigi gefin sök á skaðanum. Verði afgangur af fé þessu að loknum starfstíma samsöluunnar, eftir að allur kostnaður hefir verið greiddur, fer um hann samkv. 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, 2. málsgr., síðasta málslið.

9. gr.

Sildarútvegsnefnd tekur ávarðanir um sölu sildarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum, en samþykki 3 nefndarmanna þarf til lögmætrar samþykktu.

10. gr.

Ráðherra ákveður þóknun sildarútvegsnefndar fyrir störf hennar vegna samsöluunnar.

11. gr.

Að lokinni sölu á matjessildarframleiðslu hvers árs skal sildarútvegsnefnd boða til almenns fundar sildarútgerðarmanna og sildarsaltenda og verði þangað einnig boðaðir fulltrúar sjómanna. Skulu þar framlagðir endurskoðaðir reikningar samsöluunnar ásamt skýrslu sildarútvegsnefndar. Endurskoðendur skulu vera tveir, ráðherra skipar annan, en hinn skal kosinn almennum kosningum af sildareigendum og ákveður ráðherra þóknun til þeirra. Fundurinn skal úrskurða reikninga samsöluunnar, en verði ágreiningur sker ráðherra úr. Sildarútvegsnefnd setur ákvæði um atkvæðisrétt við kosningu endurskoðenda og fundarreglur.

Nú telur sildarútvegsnefnd þess sérstaka þörf, og getur hún þá boðað til fundar sildarútvegsmenn og sildarsaltendur, ef um stóra sölusamninga er að ræða eða önnur mikilvæg atriði viðvikjandi matjessildarsölu.

12. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer samkv. 12. gr. laga nr. 74 29. des. 1934.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.